

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Hámarkshraði á Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti og suður fyrir hús nr. 86a við nefnda götu skal vera 30 km á klst. og óheimilt er að stöðva eða leggja ökutækjum við vinstri brún götunnar á þeim sama kafla.
2. Settir verða upp stöðumælar fyrir framan hús nr. 85 - 89 við Hafnarstræti.
3. Tvístefnuakstur verður á Hafnarstræti frá Austurbrú og að tengingu við bifreiðastæði, sem verður norðan við hús nr. 82 við götuna. Jafnframt eru bifreiðastöður bannaðar við austurbrún Hafnarstrætis á þeim kafla.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Sýslumaðurinn á Akureyri. 24. ágúst 1992.

Eliás I. Eliasson.

Nr. 322

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur af innstæðum	kr.	11 357 356
Vaxtatekjur af útlánum	–	105 557 277
Dráttarvextir	–	6 648 149
Verðbætur	–	296 030 351
Lántökugjöld	–	5 328 721
Gengismunur	–	2 232 629
Fjármunatekjur alls:	kr.	427 154 483

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld af langtímalánum	kr.	16 812 685
Verðbætur af langtímalánum	–	38 290 010
Önnur vaxtagjöld	–	5 817
Lántökugjöld	–	0
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	–	203 290 045
Gengismunur	–	3 701 881
Fjármagnsgjöld alls:	kr.	262 100 438

Hreinar fjármunatekjur:	kr.	165 054 045
--------------------------------	------------	--------------------